

WWW.SAMBIO.IS (575 8900)



★ ★ ★ ★
L.I.B. - Topp5.is

★ ★ ★ ★
FGG - FBL

★ ★ ★ ★
T.V. - kvikmyndir.is

SPIDER-MAN 3

Stærsta orrustan er innri baráttan

VIP SALURINN ER BARA LUXUS
ER STADSETTUR Í SAMBIOÐIN ALIABAKKA

**25.000 MANNS
Á AÐEINS TÖ DÖGUM!**

★ ★ ★ ★
S.V. - MBL

★ ★ ★ ★
A.F.B. - Blaðið

BLADES OF GLORY

SJALDAN EÐA AÐREI HAFI TVEIR
KARLMENN DANSAD JAFN VEL SAMAN!

25 ára SAMBIOÐIN

★ ★ ★ ★
V.J.V. TOPP5.IS

★ ★ ★ ★
S.V.

CURIE COOPER RYAN PHILLIPPE LAURA LINNEY

BREACH

★ ★ ★ ★
FILM.IS

★ ★ ★ ★
KVIKMYNDIR.IS

WILD HOGS

★ ★ ★ ★
FILM.IS

★ ★ ★ ★
KVIKMYNDIR.IS

★ ★ ★ ★
FILM.IS

★ ★ ★ ★
KVIKMYNDIR.IS

SAM B I O Ð / AKUREYRI		
GOAL 2	kl. 8 - 10	B.l. 7 ára
BLADES OF GLORY	kl. 8 - 10	B.l. 12 ára

SAM B I O Ð / KEFLAVÍK		
SPIDER MAN 3	kl. 8 - 10	B.l. 10 ára
NEXT	kl. 8	B.l. 16 ára

NÁNARI UPPLÝSINGAR
Á SAMBIO.IS

Ekki viss um að hann leikstýri sökum þunglyndis

DANSKI kvikmyndaleikstjórinn Lars von Trier segist hafa þjást svo mjög af þunglyndi að hann hafi ekki getað sinnt starfi sínu. Hann segir í samtali við danska dagblaðið Politiken að óvíst sé hvort hann leikstýri aftur kvikmynd, hann hafi glatað einbeitingunni þegar hann var lagður inn á sjúkrahús í byrjun árs. „Maður getur ekki búið til kvikmyndir þegar maður er þunglyndur,“ segir Trier. Það geti tekið tvö ár að ná sér af alvarlegu þunglyndi. „En sjáum til,“ segir Trier.

Sér hafi fundist þetta ein-kennilegt ástand, hann sé ídulega með þrjú verkefni í huga í einu en sér hafi líðið eins og auðu blaði. Hann telur óljóst hvort hann geti hafið forvinnu að kvikmyndinni



Lars von Trier

Antichrist, eða Antikristur, sem hann hugðist hefja tókur á um mitt ár. Þar segir af því að Satan hafi skapað himin og jörð, ekki Guð. „Ég geri ráð fyrir því að Antikristur verði mín næsta kvikmynd, en ég er ekki viss.“

Trier er þekktastur fyrir svokallaða Dogma-nálgum í kvikmyndagerð, reglur sem hann setti og fékk fleiri leikstjóra til liðs við sig. Reglurnar fólust í því að banna alla sviðsmyndagerð, lýsingu, hljóðklippingar o.fl. í raun að vinna kvikmyndir eins hrátt og eins mikið af fingrum fram og kostur væri.

Trier sendi seinast frá sér kvikmyndina Direktören for det hele, eða Forstjóri heila klabbisins.



Fjarlægð „Áhorfandanum er haldið í vissri fjarlægð í verkum Horn en þau búa yfir fagurfræðilegu seiðmagni.“

Ásjónur og djúp

Myndlist

Listahátíð í Reykjavík

Listasafn Reykjavíkur – Hafnarhúsið

Roni Horn – My Oz Til 19. ágúst. Opíð alla daga kl. 10–17. Aðgangur kr. 500. Eldri borgarar og öryrkjar kr. 250. Hópar (10+) kr. 250. Yngri en 18 ára: ókeypis. Ókeypis á fimmtu-dögum.

Íslandsvinurinn Roni Horn kom fyrst til landsins fyrir rúmum 30 árum, hreifst af því og hefur notað landið „sem útvinustofu af ótakmarkaðri stærð og með óteljandi möguleika“ eins og hún segir í texta sýningarskrár.

Landið hefur þannig haft mikil áhrif á listsköpun hennar. Jafnframt hefur hún opnað Íslendingum og umheiminum ferska sýn á landið með augum aðkomumannsins – í fyrstu með ljósmyndum af sambýli manns og náttúru svo sem í myndum af réttum og sundlaugum víðs vegar um landið – sem smám saman verður heimavanur (að eigin sögn „varanlegur túristi“) og skynjar móttandi afl veðursins sem virðist renna saman við sjálfsvitund Íslendinga líkt og Horn gefur til kynna í ljósmyndaröð af heillandi ásjónu ungrar konu, *You are the Weather* (Þú ert veðrið).

Horn hefur orðið vitni að sífellt umfangsmeyri umbreytingu landsins af mannavöldum og þeirri ógn sem stöðjar þess vegna að ósnortinni náttúru þess. Í því samhengi má túlka fyrsta verkið sem blasir við gestum sýningarinnar „My Oz“ sem er nýopnuð í Listasafni Reykjavíkur, Hafnarhúsi, sem viðburð á Listahátíð í Reykjavík. Við innganginn er ljósmynd á standi – sem minnir á skilti – þar sem sést dulúðugt jökullón. Sé litið til hægri sjást fleiri slík „skilti“, m.a. af andliti manns á táningsaldri, snæuglu, fleiri myndir af fljótandi jökulis og dökkleitt vatnsyfirborð. Hið síðast-

nefnda sést einnig aftan á mörgum myndanna. Áþekkt „skilti“ eru víðar í safninu og þau líkt og varða veginn á ferð sýningargesta, nánast eins og viðvörðunarskilti. Ómótuð framtíð unglings og lands (á norð-urhlóðum) – ósnortin fegurð – verður hún aurugum lónum að bráð? Unglingurinn horfir spyrjandi í augu okkar og ekki er laust við ásökun undir hvössum brúnum uglunnar.

Ljósmyndirnar eru allar af einhvers konar yfirborði, sem jafnframt er breyttingum háð á einn eða annan hátt. Augu táningsins og uglunnar vísa til óræðra djúpa undir niðri. Í undurfallegu verki sem samanstendur af tveimur stórum stykkjum af heilsteyptu rafi með „ómeðhöndluðu yfirborði og eldslípudum toppi“ fullkomnast spennan milli yfirborðs og djúps. Í tærleika sínum og innri glóanda minnir það á augasteina og er að mörgu leyti táknrænt fyrir listsköpun Horn – hvernig augu hennar nema umhverfið einbeitt og opin í senn, draga það í innri heim, og endurvarpa á dularfullan og seiðandi hátt í hinni „innri“ mynd.

Listfræðingurinn og sýningarstjóri sýningarinnar, Linda Noren, ræddi í fyrirlestri um hvernig Horn lætur áhorfandanum samsama sig sjónarhorni hennar, líkt og horft sé yfir öxl hennar. Hún benti á að á kápu (glæsilegrar) sýningarskrár sé óvenjuleg mynd af Horn þar sem hún horfi sjálf til okkar íhugul og rannsakarandi, jafnvel dæmandi augnaráði, en segja má að það sé þó í hæfilegri fjarlægð á bakvið hina opinberu sýningarframsetningu. Hún virðist fela sig að hluta á bak við stafina sem mynda titil sýningarinnar en þeir skilja jafnframt eftir óræðar eyður í ásjónu hennar. Líkt og Noren bendir á byggir ímyndun (nánar tiltekið svonefnt „hvergi“) Horn á raunverulegum og ósnortnum stöðum – sem vissulega

eiga á hættu að hverfa, þ.e. yfirborð þeirra að mást út en jafnframt hverfa þeir inn í aðra veröld minninga og ímyndunar.

Áhorfandanum er haldið í vissri fjarlægð í verkum Horn en þau búa yfir fagurfræðilegu seiðmagni og ágengum krafti. Þessir eiginleikar birtast einkar skýrt í sal F á efri hæð safnsins þar sem gengið er líkt og inn í helgidóm eða miðaldakirkju. Hvítir veggir skera sig úr dökkgráu gólfi, lofti og súlum. Á þeim hanga myndraðir sem sýna sérstæða fegurð íslensks konuandlits – sem jafnframt mætti sjá sem táknmynd norrænnar fegurðar eða sem ásjónu Íslands – í mismunandi veðri, birtu og vatnsumhverfi. Svipbrigði konunnar haldast nánast óbreytt og augu hennar þrængja sér inn í skynjun sýningargesta án þess að láta neitt uppi. Siendurtekið andlitið endurspeglar óseðjandi þrá Horn eftir fegurð sem er sibreytileg og rennur sífellt úr greipum.

Ljósmyndir af yfirborði Thames-árinna í Englandi í næsta sal birta enn „lokaðra“ yfirborð en þar býður Horn upp á brotakerndan neð-annámlestrur. Þau verk kallast á við samsett yfirborð teikninga á neðri hæð safnsins sem og textaverk í öðrum sal sem kveikja rým-isskynjun og hugrenningatengsl og skírskota til mikilvægs áhrifavalds í listsköpun Horn, bandarísku skáldkonunnar Emily Dickinson. Í enn öðru verki er raðað saman ljósmyndum af búningsklefum Sundhallar Reykjavíkur og þar birtist á táknrænan hátt leikur Horn með yfirborð og djúpi: þar virðast rými opnast inn á við, gægjagöt og aðrar gáttir vísa til annarra rýma en lokast jafnharðan aftur með múrsteinshleðslu sem hefur spegilslétt, lakað yfirborð og er sibreytileg eftir sjónarhorni. „Oz“ Roni Horn er völdunarhús þar sem vert er að tyna sér.

Anna Jóa



Reuters

Spiderman 2 „Útgáfan hefur af litlu nýju efni að státa öðru en nokkrum atriðum sem höfðu verið klippt, en geymd til betri tíma.“

Aukaefnið er upp og ofan

MYNDDISKAR

Á MEÐAN nýjabrumið var á mynddiskunum, þótti aukaefnið sem gjarnan fylgir, kærkominn bónus. Maður byrjaði að skoða aukaefnið, góndi á gömlu sýnishormin eins og naut á nývirkki, viðtöl við stjórnurnar og kvikmyndagerðarmennina. Þau höfðu fát nýtt til málanna að leggja, en það tók nokkur ár að ná því á hreint.

Nýjasta dótið sem skeytt er á mynddiskana, eru atriði sem hafa annaðhvort lent viljandi í ruslakörfunni eða mislukkast af einhverjum ástæðum. Hvort sem er mega þau oftast nær missa sig.

Þegar um veigamiklar myndir er að ræða er jafnan fengur í hluta aukaefnisins, t.d. er minnisstæð heimild-

armynd Christiane Kubrick um gerð *The Shining* og sú sem fylgdi hátíðarútgáfu *Gladiator* og fjallaði á upplýsandi hátt um stafræna brellusmíði og nútímalega stórmýndgerð.

Fyrir nokkru setti Sony nýja DVD-útgáfu af *Spider-Man 2* á markaðinn, vitandi að beðið er með mikilli eftirvæntingu *Spider-Man 3* (eins og kom á daginn.) Útgáfan hefur af litlu nýju efni að státa öðru en nokkrum atriðum sem höfðu verið klippt, en geymd til betri tíma (þessara hluta?). Eins er rætt við kvikmyndagerðarmennina og sýnishornið úr *S-M 3*, fylgir með, en stór spurning hvort hægt er með fullri sanngirmi að kalla aukaefnið kaupbæti.

Sæbjörn Valdimarsson